



Fundargerð stjórnar SSA nr. **1** starfsárið 2014 – 2015

Fudur var haldinn í stjórn SSA laugardaginn. 19. september 2014 kl. 14.00

Fundarstaður: Vopnafjarðarskóli.

Stjórn SSA er þannig skipuð árið 2014-2015

Af norðursvæði

Gunnar Jónsson, Fljótsdalshéraði	Jakob Sigurðsson, Borgarfjarðarhreppi
Sigrún Blöndal, Fljótsdalshéraði	Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Fljótsdalshreppi
Arnbjörg Sveinsdóttir, Seyðisfjarðarkaupstað	Margrét Guðjónsdóttir, Seyðisfjarðarkaupstað
Stefán Grímur Rafnsson, Vopnafjarðarhreppur	Eyjólfur Sigurðsson, Vopnafjarðarhreppi

Af suðursvæði

Hákon Hansson, Breiðdalshreppi	Svandís Ingólfssdóttir, Breiðdalshreppi
Gauti Jóhannesson, Djúpavogshreppi	Sóley Dögg Birgisdóttir, Djúpavogshreppi
Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð	Eydís Ásbjörnsdóttir, Fjarðabyggð

Mættir voru til fundar nýkjörnir aðalmenn í stjórn SSA ásamt varamönnum fyrir þá stjórnarmenn sem fjarverandi voru: Arnbjörg Sveinsdóttir, Jón Björn Hákonarson, Sigrún Blöndal, Stefán Grímur Rafnsson, Gunnar Jónsson, Gauti Jóhannesson og Eydís Ásbjörnsdóttir.

Þá sátu fundinn framkvæmdastjóri Austurbrúar, Jóna Árný Þórðardóttir og Bergþóra Arnórsdóttir fulltrúi hjá Austurbrú sem ritaði fundargerð.

Aldursforseti, Gunnar Jónsson stýrði fundi, meðan dagskrárliður 1 a) var afgreiddur.

1. Kjör formanns, tveggja varaformanna og þar með framkvæmdaráðs SSA.

- Kjör formanns, tillaga að Sigrúnu Blöndal, samþykkt samhljóða.
- Kjör 1. varaformanns, tillaga að Jóni Birni Hákonarsyni, samhljóða samþykkt.
- Kjör 2. varaformanns, tillaga að Gauta Jóhannssyni. Það var samhljóða samþykkt.

Skipa því framangreind framkvæmdaráð sbr. 8. gr. samþykta SSA. Fundarmenn samþykkir því að báðir varaformenn komi af suðursvæði að þessu sinni.

2. Samþykktir nýafstaðins aðalfundar SSA 2013.

Samþykkt var að formaður og framkvæmdastjóri Austurbrúar/fulltrúi sveitarstjórnarmála gangi frá samþykktum aðalfundarins og komi þeim á framfæri við hlutaðeigandi og fylgi þeim eftir svo sem venja er til. Framkvæmdastjóri/fulltrúi sveitarstjórnarmála hjá Austurbrú falið að kalla eftir tilnefningum í samgöngunefnd SSA frá sveitarfélögum.



3. Fundartími tilhögun stjórnarfundar og framkvæmdaráðsfunda.

Samþykkt að þriðjudagar verði viðmiðunardagur fyrir stjórnarfundum og þeir hefjist að jafnaði um hádegi. Reynt verði að stýra fundum þannig að fundað verði í þeim mánuðum, sem framkvæmdaráðið fundar ekki. Framkvæmdaráðsfundir verða haldnir eftir þörfum.

Óskað eftir að gerð verði starfsáætlun fyrir stjórn og tekin upp atriði sem stjórn hefur verið falið á aðalfundi verið sett inn í starfsáætlun.

Stefnt er á næsta stjórnarfund þriðjudaginn 23. september kl. 14.00 á Vonarlandi.

4. Önnur mál:

- a) Undirbúningur kjördæmaviku, þingmenn verða á Egilsstöðum 30. september. Stjórn hittist næstkomandi þriðjudag til að ganga frá dagskrá.
- b) Fundur verður með fjárlaganefnd 8. október, í Reykjavík. Fundurinn er haldinn í tengslum við fjármálaráðstefnu.
- c) Óskað hefur verið eftir umsögn um frumvarp um hafnir, verður sent til stjórnar til skoðunar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14.25

Bergþóra Arnórsdóttir, fundarritari.